

MENNING

Yngsta



kynslóðin

á Kjarvalsstöðum

Sóley Eiríksdóttir: Ég er nýfarin að koma myndunum sjálfum í skúlpúttorm.

Ferskir vindar blása nú í íslenski myndlist. Stór hópur ungs fólks helgar sig henni heima á Fróni eða í stórborgum vestan hafs og austan og drekkur í sig nýjustu strauma sem eru voldugir og frjóir í margbrotnum heiminum. Niu manna hópur yngstu kynslóðar íslenskra myndlistarmanna opnar í dag, laugardag, sýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Þetta eru níu listakonur sem fæddar eru á árabílinu 1953-1958 og koma hvaðanæva að: frá Hollandi, Bandaríkjunum, Danmörku, Ítalíu, Englandi og Svíþjóð en sumar hafa numið hér heima. Nokkrar af listakonunum eru enn í námi en aðrar hafa lokið því. Þær sem sýna eru Ásta Ríkhardsdóttir, Björg Órvar, Erla Þórarinsdóttir, Guðný Björg Richard, Harpa Björnsdóttir, Jóhanna Kristín Yngvadóttir, Ragna Steinunn Ingadóttir, Sóley Eiríksdóttir og Steinunn Þórarinsdóttir.

Við náðum tali af Ástu Ríkhardsdóttur þar sem hún var að hengja upp stór og skrautleg olíumálverk þar sem fólk er í fyrirrími. Hún var spurð að námsferli.

– Ég var fyrst tvö ár í Myndlista- og handfáskólanum, fór síðan til Enchede í Hollandi og var þar í tvö ár en nú undanfarið tvö ár hef verið í School of Visual Arts í New York og ætla að vera þar a.m.k. hálfan vetur í viðbót.

– Og koma svo heim?
– Þetta er of stór spurning. Henni er ekki hægt að svara.
– Þig langar sem sagt til að skoða þig betur um í heiminum. Hver er óskastaðurinn?
– Ég væri alveg til í að fara til Berlínar.
– En er ekki spennandi að vera í New York?

að komast inn í galleríin.
– Hefur þú sýnt áður?
– Ég var með á tveimur sýningum hér heima í fyrra. Næst snúum við okkur að Steinunni Þórarinsdóttur sem er með skúlpúttora á sýningunni en mönnum er í fersku minni nýleg einkasýning hennar í Listmunahúsinu. Hún var spurð

BA-deildina var ég jöfnum höndum í keramik og skúlpúttur.
– Hér ertu með einhvers konar vírmyndir?
– Já, þetta er eins konar línu-teikning í vír og ekki eins efniskenndar myndir og ég hef oft verið með. Að vissu leyti finnst mér gott að hvíla mig á hinu, það er svo mikill prósess að þurfa að

lengi erlendis hefur maður alltaf svolitla útþrá en ég hef hér góða vinnustofu og líður vel. Ég verð þó að viðurkenna að mig langar svolítið til Bandaríkjana. Þar eru spennandi hlutir að gerast. Guðný Björg Richard verður næst á vegg okkar og hún segir okkur að bragði að hún sé að fríka út.



Nokkrar af myndum Erlu Þórarinsdóttur sem býr í Stokkhólmi.

– Það er mjög spennandi upp á myndlistarnámið og einnig til að vera þar og fylgjast með hvað er að gerast. Þar er hrærigrautur af öllu og margir af bestu listamönnum Evrópu af yngstu kynslóðinni eru þar tíðir gestir. New York hefur upp á allt að bjóða.
– Hefur þú einhverja möguleika á að hasla þér völl sem myndlistarmaður þar?
– Sáralitla. Þar er geysilegur fjöldi listamanna og menn þurfa að eiga mikið af peningum til þess

um námsferil.
– Ég var í fjögur ár í Polytechnic-skólanum í Portsmouth á Englandi og tók BA-próf þaðan í listum. Síðan var ég í eitt ár í Bologna á Ítalíu en hef verið heima nú í fáein ár.
– Og hefur þú helgað þig skúlpútturum?
– Ég byrjaði í forskóla í keramik-deild í Portsmouth en hef aldrei farið út í nytjalist, fannst afskaplega gaman samt að vinna í leirnum. Þegar ég fór svo í

vinna í gips, gera mót og brenna oftast en einu sinni. Þetta hér er meira „spontant“.
– Er það órvandi að læra skúlpúttur á Englandi?
– Englendingar standa mjög framarlega í alþjóðlegri höggmyndalist og það er mikið að gerast þar, kannski af því að þeir hafa ekki svo gamla hefð í þeim efnun.
– Ertu nokkuð á leið til útlanda á ný?
– Þegar maður hefur búið

– Ég var að koma frá Atlavík þar sem ég er með Svörtu og sykurlausu og er að fara til Ísafjarðar. Ég hef því einn sólarhring til þess að undirbúa sýninguna og ég var í alla nótt að mála þær, var þó búin að gera skissur áður svo að þetta er ekkert flipp.
– Og hvað málar þú?
– Það er nú ekki hægt að segja í fáum orðum. Ég var að þæla í því í alla nótt hvað ég var að gera. Bókin Meistarinn og Margaríta

Í dag verður opnuð sýning á verkum níu íslenskra listakvenna sem fæddar eru á árunum 1953-1958. Þær hafa numið list sína víða vestan hafs og austan